



Viðtakandi: Menningar- og íþróttaráð
Sendandi: Skrifstofa MÍR

Reykjavík, 24. október 2025

MIR25100009

MINNISBLAÐ

Tillaga borgarráðs um Vesturbæjarlaug – til upplýsinga

Á fundi borgarráðs 16. október 2025 var lögð fram svohljóðandi tillaga borgarráðs og hún samþykkt :

Lagt er til að fela umhverfis- og skipulagssviði að taka út ágalla á framkvæmdum við Vesturbæjarlaug á árinu sem hafa leitt til þess að í þrígang hefur þurft að loka lauginni um lengri eða skemmri tíma eftir vinnu við endurbætur og viðhald á lauginni í sumar. Einnig er sviðinu falið að finna farsælustu leiðir til að tryggja að lokaáfangi framkvæmda gangi hratt og örugglega fyrir sig svo ekki þurfi að koma til frekari lokana. Að lokinni úttekt verði borgarlögmanni eftir atvikum falið að leggja mat á réttarstöðu Reykjavíkurborgar gagnvart framkvæmdaaðilum.

Virðingarfyllst,

Steinþór Einarsson,
sviðsstjóri



Reykjavík